

68. stjórnarfundar Austurbrúar, haldinn þriðjudaginn 22. nóvember 2016.

Fundargerð

Fundurinn haldinn hjá Austurbrú á Reyðarfirði kl. 15:00-17:20

Mættir stjórnarmenn á staðnum: Sveinn Jónsson (SJ), Sigrún Blöndal (SB), Gauti Jóhannesson (GJ); Sæunn Stefánsdóttir (SS), Jón Björn Hákonarson (JBH)

Fjarverandi en afboðaði sig: Margrét Guðjónsdóttir (MG)

Mættir starfsmenn: Jóna Árný Þórðardóttir (JÁP) sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Staðfesting fundargerðar nr. 67
2. Erindi frá Seyðisfjarðarkaupstað vegna MMF
3. Orkuskipti – staða mála
4. Fjármál 2016-2017
 - a) Rekstrarstaða 10 mánuðir – samanburður við áætlun
 - b) Launaáætlun 2017 - samantekt
 - c) Fjárhagsáætlun 2017 – fyrstu drög
5. Mannauðsmál
6. Önnur mál
 - a) Samráðsvettvangur fyrirtækja á Austurlandi
 - b) Umsókn í Fræðslusjóð
 - c) Málstofa ferðaþjónustunnar 23. nóvember

Formaður setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna

1. Staðfesting fundargerðar nr. 67

Stjórn staðfestir fundargerðir nr. 67.

2. Erindi frá Seyðisfjarðarkaupstað vegna MMF

Samþykkt að gera samkomulag á grundvelli minnisblaðs og þeirra samtala sem átt hafa sér stað á milli formanns Austurbrúar og bæjarstjóra Seyðisfjarðarkaupstaðar með þeim fyrirvara að staðan verði aftur metin 1. júní m.t.t. stöðu fjármögnunar frá ríkisvaldinu. Gert er ráð fyrir að ónýttir tímar/fjármagn sem stendur útaf í árslok 2016 verði nýttir á árinu 2017 í samræmi við það sem áður hefur verið rætt.

3. Orkuskipti – staða mála

JÁÐ fór yfir útsendingu bréfa og upplagg á fjármögnun verkefnisins. JBH fór yfir þá fundi og samtöl sem mikilvægt er að taka í framhaldinu. Stefnt er að því að hafa fund með sveitastjórum á Austurlandi í byrjun desember.

4. Fjármál 2016-2017

a) Rekstrarstaða 10 mánuðir – samanburður við áætlun

JÁÐ fór yfir stöðu bókhalds og reksturs fyrir fyrstu 10 mánuðina. Tekjustreymi er jafnara en það hefur verið undanfarin ár, kostnaður og tímar er í samræmi við áætlun. Búið er að greiða afborganir af lánum og ekki er verið að nýta þær yfirdráttarheimildir sem stofnunin hefur yfir að ráða.

b) Launaáætlun 2017 – samantekt

JÁÐ fór yfir fyrstu drög að launaáætlun fyrir 2017. Ljóst er að kjarasamningshækkanir sem og hækkanir á mótframlagi í lífeyrissjóði á eftir að taka töluvert til sín á árinu 2017.

c) Fjárhagsáætlun 2017 – fyrstu drög

JÁÐ fór yfir fyrstu drög að fjárhagsáætlun 2017. Töluverð óvissa er með fjárveitingar á fjárlögum og mikilvægt að það umhverfi skýrist sem fyrst. Næstu 3 vikur verða nýttar til að rýna og endurbæta þessi fyrstu drög og

reiknað með að samþykkja fjárhagsáætlunina á næsta fundi stjórnar þann 13. desember.

5. Mannauðsmál

JÁÐ fór yfir stöðu auglýstra starfa. Umsóknarfrestur er runninn út og sóttu 19 um þau tvö störf sem auglýst voru.

6. Önnur mál

a) Samráðsvettvangur fyrirtækja á Austurlandi

JÁÐ fór yfir ýmis mál er tengjast samtali við fulltrúa atvinnulífsins á Austurlandi. Í ýmsum verkefnum sem eru hjá Austurbrú væri æskilegt að til væri samráðsvettvangur fyrirtækja á Austurlandi til að eiga samskipti við. Frumkvæðið að mótun slíks vettvangs þyrfti að koma frá atvinnulífinu sjálfu.

b) Umsókn í Fræðslusjóð

JÁÐ fór yfir þær umsóknir sem sendar voru inn frá Austurbrú í Fræðslusjóð Atvinnulífsins þann 20. nóvember sl.

c) Málstofa ferðaþjónustunnar 23. nóvember

Kynnt var dagskrá málstofu ferðaþjónustunnar sem haldin verður 23. nóvember í samstarfi FAUST og Austurbrúar.

Næsti stjórnarfundur er 13. desember á Egilsstöðum.

Fundi slitið kl. 17:20

Jón Björn Hákonarson

Sigrún Blöndal

Sveinn Jónsson

Gauti Jóhannsson

Sæunn Stefánsdóttir